


Dagvöruvísitala verðlagseftirlitsins

Uppsöfnuð verðlagshækkun frá undirritun kjarasamninga í mars 2024

Matarverð
hækkar stöðugt

● 0,6% hækkun frá mars til apríl

Brynhildur Glúmsdóttir
brynhildur@mbl.is

Samkvæmt mælingum Verðlags-
eftirlits ASÍ varð 0,6% hækkun á
dagvöru milli mars og apríl. Þriðja
mánuðinn í röð er hækkunin meiri
en hálf prósent, sem er meðalhækkun
á matvöru undanfarið ár. Það
lítur þó út fyrir að hækkunirnar séu
að dragast saman.

Verð á íslenskum vörum hækkaði
um 0,9% milli janúar og febrúar,
0,8% milli febrúar og mars og eins
og áður segir var hún 0,6% milli
mars og apríl.

Frá áramótum hefur verðlag
innlendra vörumerkja hækkað mun
hraðar en erlendra vörumerkja og
var sá munur mestur í janúar og
febrúar.

Mjólkurverð hækkar

Mjólkurverð mun nú hækka
vegna ákvörðunar verðlagsnefndar
búvara. Benjamín Julian, verk-
efnastjóri verðlagseftirlits ASÍ,
segir við Morgunblaðið að það muni
sennilega yta á hækkinguna sem gæti
haldið sig við hálfa prósentíð. Erfitt
sé þó að fyllirða það þar sem enn er
mikið eftir af mánuðinum.

„Ákvæðu fréttirnar eru þær að
það er ekki jafn mikið að hækka í
byrjun mánaðar eins og undanfarna
mánuði,“ segir Benjamín.

Ef skoðaðar eru tölurnar frá
stærstu búðunum, svo sem Krón-
inni og Bónus, er greinilegt að
hækkunartakturinn var mestur í
febrúar og aðeins í mars og margt
bendir til þess að hann sé að roást. Í
apríl voru það meira Nettó og Kjör-
búðin sem héldu uppi einhverjum
hækkunum.

Benjamín nefnir einnig að fyrir-
tæki hafi sagt í lok síðasta árs að
þau myndu hækka gjaldskrár sínar.

„Það kom kannski smá á óvart í
janúar að ekki skyldi sjást merki
um það en það kom þá bara seinna,

Morgunblaðið/Sigurður Bogi
Matarinnkaup Það verður sífellt
dýrara að versla í matinn.

Vöruhækkunir

- » Það verður dýrt að grilla í
sumar.
- » Nautakjöt hefur hækkað
hratt í verði á þessu ári.
- » Stjörnuegg hafa hækkað um
8,4% í maí.
- » Verð á Nesbú-eggjum hefur
hækkað hægar, en uppsöfnuð
árshækkun er 6,5% að meðal-
tali í fjórum stærstu verslana-
keðjunum, Bónus, Hagkaupum,
Króninni og Nettó.

í febrúar og mars. Það er þá aðeins
að dreifast yfir byrjun ársins.“

Sumargrillið verður dýrara, þar
sem nautakjöt hefur hækkað í verði
á þessu ári. Einnig verður dýrara
að bjóða upp á bernaíse-sösu með
steikinni, þar sem Stjörnuegg hafa
hækkað um 8,4% í maí.

Ícelandair bætir við áætlun til Edinborgar og Malaga

Ícelandair hefur flug til fjögurra
nýrra áfangastaða í haust. Edin-
borg og Malaga bætast við sem
nýir áfangastaðir í september en
áður hafði félagið tilkynnt um flug
til Ístanbúls og Miami.

Vegna mikillar eftirspurnar
hefur flugáætlun til Nashville
verið framlengd inn í janúar og
flugtímalíði til Hamborgar verið
framlengt út október. Þá verður
tíðni aukin til Alicante, Barcelona
og Brussel.

Flugló verður til Malaga
einu sinni til tvisvar í viku frá
6. september til 30. maí og er

Edinborg Ícelandair flýgur þangað
næsta vetur, sem og til Malaga.

flugtími fjórar klukkustundir og
45 mínútur, segir í tilkynningu
Ícelandair.

Flugló verður til Edinborgar
þrisvar til fjórum sinnum í viku
frá 12. september nk. til 12. apríl
2026 og er flugtími tveir og hálf
klukkustund.

Bogi Nils Bogason forstjóri
Ícelandair segir m.a. í tilkynningu
félagsins að það sé vel við hæfi að
bæta Edinborg við þar sem 80 ár
séu liðin frá fyrsta flugi Ícelandair
til Skotlands, sem jafnframt
var fyrsta millilandaflug íslensks
flugfélags.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna
gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga
frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2025, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2025 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkunir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2025, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistinátaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrassóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnubifreiða og álögðum þing- og sveitarstöðgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldendna.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldendna. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistinátaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2025

Ríkisskattstjóri

Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

RECARO
Barnabílstólar
og kerrur
Þýskt hugvit
og hönnun

DESIGN
AWARD
2025

MADE IN GERMANY

Xenon1
Væntanlegur
í maí

Salia 125
360° 40-125 cm, 0-7 ára
85.500 kr.

AXION
Væntanlegur
í apríl

BÍLASMÍÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Rvk | S. 567 2330 | bilasmidurinn.is